

Hvar þrengir að?

Krakkar
með
Kalashnikov

Rauði kross
Íslands 75 ára

Þöglar
þamfarir
í Afríku



Kjósardeildin aðstoðar 900 fjölskyldur

Kjósardeildin brást skjótt við hjálparbeiðni frá Delvina í Albaníu síðastliðið sumar og sendi bænnum 12 tonn af mat eftir að flóttamenn frá Kosovó höfðu étið bæjarbúa „út á gaddinn“.

Kjósardeildin er ekki mannmörg og er þetta sennilega eitt stærsta einstaka verkefni svo lítillar deildar Rauða krossins hér á landi. Það var fyrir um tveimur árum að nemendur í Klébergsskóla á Kjalarnesi sendu gám með fatnaði og skólavörum, sem þeir höfðu safnað af mikilli elju og dugnaði, til Vergo sem er í sama héraði og Delvina. „Við Úlfur Ragnarsson hjá Kjósardeildinni fórum þangað að afhenda gáminn og rákumst þá á nýstofnaða Rauða kross deild í Delvina. Þeir sendu okkur svo

hjálpabeiðni í maí síðastliðnum í tilefni af því að flóttamennirnir frá Kosovó voru búnir að éta þá út á gaddinn,” sagði Örn Ragnarsson hjá Kjósardeildinni þegar Hjálpin náði á



Viðskiptavinir Nóatúns í Mosfellsbæ brugðust vel við þegar þeim var boðið að kaupa 12 kílóa matarpakka fyrir fátæka íbúa Albaníu.



Matarpakkarnir frá Kjósardeild komu sér vel í Albaníu, þar sem miklar efnahagslegar þrengingar koma einkum niður á barnmörgum fátækum fjölskyldum og eldra fólki sem á engan að.

hann í matarhléi frá kennslu í Klébergsskóla.

Deildin brást skjótt við, keypti eitt þúsund 12 kílóa matarpakka og bauð til sölu í Nóatúni. Þar gat fólk keypt matarpakka á 1000 kr. til að senda út til Albaníu. Um helmingur pakkanna seldist en hinn helmingurinn var framlag Kjósardeildarinnar. Gámurinn var sendur út í júlí. „Við fengum svo staðfestingu á því að sendingin nýttist um 900 fjölskyld-

um,” segir Örn en þegar hann var í Delvina fyrir tveimur árum var þar gríðarlegt atvinnuleysi og íbúarnir mjög háðir árstíðabundinni uppskeruvinnu í Grikklandi. Ástandið var því ekki sérlega gott þegar flóttamennirnir komu frá Kosovó en bæjarbúar tóku vel á móti þeim og matarþúrnir urðu fljótlega uppúr. „Við höfum nú tekið upp vinadeildarsamstarf á milli deildanna og markmiðið með því er að aðstoða við menntun og skólastarf á svæðinu enda er ástandið í skólunum hrikalegt, börnin hafa ekki almennileg húsgögn að sitja á og það er ekki einu sinni gler í öllum gluggum,” sagði Örn að lokum. Fljótlega verður undirritaður samningur um aðstoðina á milli vinadeildanna.

Hjálp – á tímamótum

Við stöndum á tímamótum, hvort sem við viljum vísa til þeirra sem upphafs nýrrar aldar, nýs árþúsunds eða þúsaldar. Flest okkar hugleiða á slíkum tímamótum hvar við stöndum og hvert við stefnum. Margir strengja heit og setja markið hátt. Þetta á einnig við um Rauða kross Íslands og þá félagi sem samtökin skipa.

Landsfélagið og stjórn þess hafa sett sér markmið um nýja landvinninga og öflugra starf. Fyrst er að telja eflingu félagsins og fjölgun félagsmanna en markmið okkar er að tíundi hver Íslendingur gangi til liðs við Rauða krossinn hér á landi. Til þess að þetta markmið náist þurfum við að fjölga félagsmönnum um 10 prósent. Rauði krossinn byggir árangur sinn og starfsemi fyrst og fremst á framlagi sjálfbodaliða og er nú þegar ein öflugasta fjölda-hreyfing landsmanna. Brýn verkefni framundan kalla á enn ríkari samtakamátt.

Þetta fyrsta tölublað Hjálpar á árinu 2000 vitnar um breyttar áherslur. Útlitinu hefur verið breytt og við hyggjumst nú ná til fleiri landsmanna. Blaðið á hér

eftir að koma út tvisvar á ári, í þessu formi, og verður dreift til allra félagsmanna og styrktarfélagi auk annarra hópa. Má kannski segja að það sé liður í því að efla samvitund okkar og miðla þeim gildum sem Rauða kross hreyfingin stendur fyrir og kynna að auki þær áherslur sem hæst ber hverju sinni í starfi Rauða kross Íslands. Þá verða þrjú tölublað, minni að umfangi, send til styrktarfélagi til að flytja þeim fréttir af alþjóðastarfinu, einkum verkefnum sem þeir styðja.



Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri skrifar

Rauði kross Íslands hefur látið til sín taka þegar á reynir, bæði hér heima og erlendis. Ný könnun félagsins á högum þeirra sem höllum fæti standa í íslensku samfélagi leiðir í ljós að þörf fyrir liðsinni hefur síst minnkað þrátt fyrir almenna velsæld, og að margir hópar þurfa verulega á stuðningi að halda. Að þessari þörf munum við einbeita okkur í starfi Rauða krossins á næstu misserum. Af starfi okkar á er-

lendum vettvangi vil ég sérstaklega nefna baráttuna við alnæmi sem er einn mesti vandi sem nú steðjar að íbúum Afríku. Á þessu ári verður eftt starf í suðurhluta Afríku, einkum í Malaví, þar sem þessi sjúkdómur ógnar tilveru og framtíð þjóða. Orð fá vart lýst því hörmulega ástandi sem þar ríkir, eins og nánar er vikið að í grein hér í blaðinu.

Rauði krossinn um allan heim nýtur trausts og vegur þar eflaust þyngst mannúðarstefna hans og hlutleysi. Hann er afl sem hefur náð að byggja brýr í þjóðfélögum, skapa sátt og vinna þvert á landamæri, stéttir og strauma. Rauði kross Íslands hefur í þrjá aldarfjórðunga reynst slíkt sameiningarafl og sannað að þegar þörf krefur getur þessi litla þjóð lyft grettistaki. Rauði kross Íslands hefur átt gott samstarf við almenning og yfirvöld á liðnum árum og slíkt samstarf hyggjumst við rækta áfram. Um leið og ég þakka félagsmönnum gott samstarf á liðnu ári er það von mín að sem einstaklingar og hreyfing eigum við áfram láni og meðbyr að fagna.

Hjálp

Rauði kross Íslands

1. tölublað, 7. árgangur. Janúar 2000

Útgefandi:

Rauði kross Íslands
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík
Sími: 570 4000 Fax: 570 4010

Netfang: central@redcross.is

Veffang: www.redcross.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Þórir Guðmundsson

Umsjón: Lóa Aldísardóttir

Útlit: Mátturinn og dýrðin

Umbrot: Blaðasmiðjan

Prófarkarlestur: Mördur Árnason

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Ljósmynd á forsíðu: RAX

Upplag: 30.000

Stjórn Rauða kross Íslands:

Anna Þrúður Þorkelsdóttir, formaður
Úlfar Hauksson, varaformaður
Gunnlaugur Dan Ólafsson, ritari
Björn Jónsson, gjaldkeri
Hörður Högnason
Sigurður A. Sigurðsson
Sigurður Kr. Sigurðsson
Torben Friðriksson
Sveinborg Helga Sveinsdóttir
Guðmundur R.J. Guðmundsson
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Guðný Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri:
Sigrún Árnadóttir

„Þetta er ekki gustuka vinna“



„Það sem vakti athygli mína var að koma seinnipart dags í skóla og sjá að þar var allt á fullu. Menn voru að vinna langt frameftir af því að þeir voru niðursokknir í sitt starf og áhugamál,“ segir Ásgeir sem skoðaði þrjá „framleiðsluskóla“ í Danmörku.

Þegar fulltrúar Rauða krossins kynntu ráðamönnum hugmyndina um framleiðslu- og verkþjálfunarsetur spurðu menn fullir efasemda hvort þörf væri á slíku hér á landi. Ásgeir Jóhannesson, fulltrúi Rauða krossins í framkvæmdanefndinni, safnaði saman nýjstu upplýsingum Hagstofunnar og kom þá í ljós að fjórðungur allra 16–19 ára íbúa á höfuðborgarsvæðinu hafði hætt í skóla án þess að ljúka tilskildu prófi. Hinn 1. október 1998 voru 330 ungmenni á aldrinum 16–25 ára skráð atvinnulaus á höfuðborgarsvæðinu og höfðu langflest þeirra eingöngu lokið skyldunámi. Með þessar tölur upp á vasann breyttist viðhorf ráðamanna. Reykjavíkurborg hyggst leggja fram fjármagn til að stofna slíkt verkþjálfunarsetur, einnig Atvinnuleysistryggingasjóður, menntamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið, og Rauði kross Íslands hefur þegar samþykkt 10 milljóna króna stofnframlag. Félagsmálaráðherra hefur skipað framkvæmdanefnd í málið og er Gissur Pétursson forstjóri Vinnuáskrifstofunnar formaður hennar.

Hugmyndin um verkþjálfunarsetur á rætur að rekja til könnunar sem Rauði kross Íslands gerði árið 1995 um þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Í kjölfarið hafði Rauði krossinn samband við Ásgeir og bað hann að leita leiða til að verða því unga fólki að liði sem kom illa út úr könnuninni, en það var ýmist atvinnulaust eða ómenntað.

Ásgeir lagði heilann í bleyti ásamt nefnd sem sett var á laggirnar til að skoða málið. Eftir að hafa kannað þau úrræði sem þegar stóðu þessum hópi til boða komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þau dygðu ekki til að liðsinna þessum hópi með fullnægjandi hætti. Flest úrræðin lögðu mesta áherslu á sjálfstyrkingu en mun minni áherslu á tengsl við atvinnulífið og markvissa starfsþjálfun.

Nefndin velti fyrir sér ýmsum hugmyndum en það var ekki fyrr en Ásgeir var á ferð í Kaupmannahöfn í einkaerindum að hann rakst fyrir tilviljun á hugmynd að lausn. Starfsmaður í Köbenhavns Kvindedag-hójskole gaukaði að honum hefti með lögum um „produktions“-skóla í Danmörku, sem á íslensku mætti kalla framleiðsluskóla.

Ásgeir féll strax fyrir hugmyndinni um framleiðsluskólana sem hafa verið reknir í Danmörku í ein tuttugu ár. Þeir skera sig úr öðrum verkmenntaskólum að því leyti að þar

Árangur af starfi „framleiðsluskólanna“ í Danmörku var metinn árið 1996 og kom þá í ljós að

- 60% nemenda fóru í framhaldsnám eða vinnu að lokinni dvöl í skólanum,
- 15% fóru í herinn, í fæðingarorlof eða til dvalar erlendis,
- 15% voru áfram atvinnulaus.

eru framleiddar söluvörur á samkeppnishæfu verði, nemendur fá greidd laun fyrir vinnu sína og auk þess tækifæri til að prófa hvert starf í 1–3 mánuði eða lengur til að fá raunhæfar hugmyndir um hvað þeir vilja leggja fyrir sig.

Upptendraðir í Danmörku

Rauði krossinn sendi síðan Ásgeir og



hvað skólinn þar var vel búinn nýjstu tækni og var þeim þá sagt að eitt af grundvallaratriðunum í hugmyndafræði skólanna sé að nemendur framleiði samkeppnishæfa vöru með nýjstu fánlegu tækni og vélum. „Þetta er ekkert gustukamál. Þarna eru menn að framleiða með fyrsta flokks tækjum. Væru notaðar úreltar vélar héldu nemendur áfram að líta á sig sem annarsflokks þjóðfélagsþegna.“

Hvaða framtíð er á kassa í stórmarkaði?

Ólíkt öðrum úrræðum og skólum hér á landi geta nemendur í Framleiðslu- og verkþjálfunarsetrinu hvílt sig á skræðunum. „Þarna er ekki minnst á bóklegt nám í upphafi, menn eru bara að vinna og finna sig. Það er ekkert svona á Íslandi, það eru alstaðar bækur. Ungu fólki er linnulaust stýrt inn í bóklegt nám hér á landi en þetta gæti aukið mjög breiddina í möguleikum ungs fólks hér,“ segir Ásgeir. Þrátt fyrir þunga áherslu á verknám undanfarin ár í tyllidagaræðum ráðamanna hefur lítið verið aðhafst. „Vissulega hefur atvinnuástandið breyst síðan 1995 en þótt atvinnuleysi fari minnkandi, þá spyr ég hvaða framtíð sé í því fyrir ungt fólk að vinna til dæmis á kassa í stórmarkaði þegar horft er til nýrrar aldar – aldar þar sem tækniþekking og verkunnátta verða væntanlega helsta undirstaðan að farsælu einka- og fjölskyldulífi. Aukin verkþjálfun og verkmenntun eru meðal hornsteinanna að samfélagi framtíðarinnar.“

75 ára afmælis hátið

Fjölmarginir lögðu leið sína á 75 ára afmælishátið Rauða kross Íslands illviðrisdaginn 10. desember. Sökum ófærðar voru uppþúnir gestir ferjaðir í smárútu frá bílastæði Ríkisútlagsins að húsi Rauða krossins.

Hátiðadagskráin vegna 75 ára afmælis Rauða kross Íslands stóð yfir í tvo daga með viðburðum bæði í ráðhúsi Reykjavíkur og aðalstöðvum félagsins í Efstaleiti. Mættu margir góðir gestir í afmælisveisluna, og flugu þeir Cornelio Sommaruga, forseti Alþjóðaráðs Rauða krossins, George Weber, framkvæmdastjóri Alþjóðasambandsins, og Sinai Nhatitima, formaður mósambíska Rauða krossins, til landsins til að fagna 75 ára afmælinu með Rauða krossi Íslands. Afmælið var sett með viðhöfn föstudaginn 10. desember í

húsi Rauða krossins. Snjófjúk geisadi úti svo virðulegir gestir samkomunnar stóðu í hnapp við að hrista af sér snjóinn áður en þeir settust niður til að hlýða á ræður og tónlist. Forseti Íslands steig fyrstur í pontu og komu svo ræðumenn hver af öðrum til að þakka Rauða krossi Íslands fyrir framlag sitt til hjálparstarfs í heiminum.

Forðast pólitíkina

Fyrir um daginn höfðu þeir Sommaruga og Weber, tveir af æðstu stjórnendum Rauða krossins í heiminum, haldið fyrirlestra í Háskóla Íslands um starfsemi samtakanna og framtíðarverkefni þeirra. Þar velti Sommaruga því meðal annars fyrir sér hvort Genfarsamningarnir hefðu komið að raunverulegu gagni. Hann sagðist þess fullviss að svo væri. Samningarnir væru vissulega þverbrottnir víða en virtir enn víðar. „Á þessari stundu er Rauði krossinn að



Á afmælisfundi stjórnar Rauða kross Íslands var meðal annars ákveðið að veita fimm milljónum króna til verkefna Alþjóðaráðs Rauða krossins á Kákasussvæðinu. Hér býður Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og verndari félagsins, Cornelio Sommaruga, forseta Alþjóðaráðsins, velkominn á stjórnarfundinn.

störfum í um 30 löndum heims á grundvelli Genfarsamninganna,” sagði Sommaruga. Hann gerði einnig að umtalsefni vaxandi völd alþjóðlegra stórfyrirtækja á þessum hnattvæðingartímum. Nauðsynlegt væri fyrir Rauða krossinn að taka mið af

stærsta og mikilvægasta framtíðarverkefnið er að forðast að blandast inn í pólitík heimsins. Rauði krossinn verður að vera í góðu sambandi við pólitíska valdamenn en hann má alls ekki verða háður þeim. Samtökin verða að halda sjálfstæði sínu. Aðeins þannig getur Rauði krossinn viðhaldið trúverðugleika sínum.”

Á afmælinu

- var ákveðið að veita 5 milljónum til starfs Alþjóðaráðsins á Kákasus-svæðinu
- var ákveðið að veita 5 milljónum til þróunarsjóðs Alþjóðasambandsins
- var ákveðið að veita 15 milljónum til að stofna framleiðslu- og verkþjálfunarsetur
- var gefinn út bæklingur um hvernig nota skal merki Rauða krossins
- veitti Reykjavíkurborg Rauða kross Íslands húsnæði Vinjar til fullra afnota og umráða

Metár í sögu Rauða krossins

Weber þakkaði í ræðu sinni stuðning og framlag Rauða kross Íslands til hjálparstarfs samtakanna og benti á að þrátt fyrir smæð þjóðarinnar væri Ísland í 22. sæti af 176 landsfélögum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans þegar framlag þeirra væri metið með tilliti til fjárstuðnings og sendifulltrúa. „En því miður er þetta metár, núna á þessu ári erum við að aðstoða um 30,5 milljónir manna og hefur hjálparstarfið aldrei verið viðameira í sögu sambandsins. Fyrir því eru margar samverkandi ástæður en náttúruhamfarir vega þó þyngst,” sagði Weber. Flóttamannastraumur og fólksflutn-

þessari þróun og vera í aðstoðu til að eiga viðræður við stórfyrirtækin jafnhliða ríkisstjórnnum heimsins. „En



Fjölörg börn hafa stutt við starfsemi Rauða kross Íslands með tombólum og þau flykkust í Ráðhúsið laugardaginn 11. desember til að taka á móti viðurkenningum fyrir stuðninginn.



Hún léttist brúin á afmælisgestum þegar Ragnhildur Gísladóttir og Guðni Franzson stigu á svið og fluttu meðal annars Sigurdrífumál og rappaða útgáfu af Jólaköttinum eftir Jóhannes úr Kötlum.

Gjafir til Rauðakrosshússins

Rauðakrosshúsinu, neyðarathvarfi fyrir börn og unglínga, hefur borist mikið af góðum gjöfum að undanfögnu. Tölvufyrirtækið Hugvit færði athvarfinu 300.000 krónur að gjöf. Þar af eru 100.000 krónur í peningum en meirihluti gjafarinnar, 200.000 krónur, verður tekinn út í vinnuframlagi starfsmanna fyrirtækisins við að fullgera tölvuleikinn „Fikt.is“. Það er hlutverkaleikur hannaður fyrir ungt fólk og er markmið hans að sýna þátttakendum að allir hafa val í lífinu og að ákvarðanir hafa áhrif á framtíðina. Þessi höfðinglega gjöf gerir Rauðakrosshúsinu líka kleift að eignast tölvubúnað til afnota fyrir gesti athvarfsins. Margir þeirra eru í námi og þurfa aðgang að tölvum. Fyrir skömmu færðu allir Soroptimistaklúbbur í Reykjavík athvarfinu sjónvarp, myndbandstæki og skáp undir tækin. Þá gaf Soroptimistaklúbbur Akraness athvarfinu 30.000 krónur til kaupa á tækjum eða öðrum búnaði sem nýttist gestum Rauðakrosshússins.

Ný stefna

Alþjóðasamband Rauða kross félaga, regnhlífarsamtök 176 landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans, samþykkti fyrir skömmu nýja stefnu fyrir starfsemi allra landsfélaga. Stefnan gengur undir heitinu „Framkvæmdaáætlun til ársins 2010“ og var samin í kjölfar úttektar á starfsemi landsfélaganna árin 1990–2000. Úttektin leiddi í ljós að landsfélögin sinna mjög fjölbreyttum verkefnum, jafnvel of fjölbreyttum til að hafa veruleg áhrif. Í nýju stefnunni er þeim tilmælum beint til landsfélaganna að eftirfarandi fjögur kjarnaverkefni verði víðamest í starfsemi þeirra:

- Að breiða út hugsjónir hreyfingarinnar, vera málsvari þeirra sem minnst mega sín og vinna gegn ofbeldi og fordómum í samfélaginu
- Neyðarvarnir
- Neyðaraðstoð
- Heilsuvernd og umönnun í samfélaginu

2010-stefnan mun ekki hafa veruleg áhrif á starfsemi Rauða kross Íslands fyrr en nýsamþykkt stefna félagsins verður endurskoðuð árið 2003.



Fjögur tónlistaratriði Ragnhildar Gísladóttur og Guðna Franzsonar tókust með afbrigðum vel og vöktu kátínu gesta á afmælishátíðinni.

ingar vegna þjóðernishreinsana og vopnaðra átaka væri hins vegar stærsta vandamálið sem Alþjóðasambandið hefði glímt við að undanfögnu og yrði það sennilega enn í fyrirsjáanlegri framtíð. Weber sagði sambandið þurfa að takast á við

mörg stór verkefni í náinni framtíð, ekki síst aukna samkeppni um auðlindir heimsins en einnig samkeppni á sviði hjálparstarfs. Herir og fyrirtæki séu farin að gera út á hjálparstarf, og það raskar þeim siðareglum og brenglar sem gilt hafa um hlut-

lausa aðstoð hjá viðurkenndum hjálparstofnunum.

Hjálpin tekur svo undir lokaorð Webers sem hann flutti á sinni nýlærðu íslensku: „Til hamingju með afmælið!“



Fimm manns voru sæmdir heiðursmerki Rauða kross Íslands á afmælinu. Fjórir fengu silfurmerki: Hugsjónamaðurinn og eldhuginn Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi formaður Kópavogsdeildar, sem var í fararbroddi um stofnun Sunnuhlíðarsamtakanna um hjúkrunarheimili fyrir aldraða og einn helsti hvatamaðurinn að stofnun Rauðakrosshússins; Halldóra S. Jónsdóttir, formaður Siglufjarðardeildar frá árinu 1991, sem hefur meðal annars barist fyrir velferðarmálum og látið til sína taka í umferðarmálum bæjarins og fengið breytt vegum og vegarköflum; hugsjónakonan Hólmfríður Gísladóttir sem hefur starfað hjá Rauða krossi Íslands frá 1981 og hafa fjölmargir notið líðsinnis hennar og ómældrar umhyggju; Karítas Bjargmundsdóttir sem hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu Rauða krossins, var meðal annars einn af stofnendum Kvinnadeildar Reykjavíkureildarinnar árið 1966 og formaður frá 1985–91. Gullmerkið hlaut að þessu sinni George Weber, framkvæmdastjóri Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans frá 1993, samataka 176 landsfélaga með um 122,4 milljónir félaga og sjálfboðaliða.

Vítahringur fátæktar í góðærinu

Sláandi upplýsingar koma fram í könnun Rauða kross Íslands á því hverjir mega sín minnst í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir góðarið eru svartir blettir á launa- og bóta- stefnu yfirvalda. Þeir sem verst standa eru bótaþegarnir, fólkíð sem þjóðfélagið ber sameiginlega ábyrgð á, og láglaunafólkið sem ekki nær endum saman. Þeir sem verst standa fjárhagslega eiga það sameiginlegt að kjör þeirra eru að mestu ákvörðuð af hinu opinbera og að þeir geta illa bætt við sig vinnu. Heima við eldhúsbordið heitir það að vera fastur í víta- hring.

Rauði kross Íslands stóð fyrir landskönnuninni „Þeir sem minnst mega sín“ í lok síð- asta árs til að meta hvar þörfin væri mest til að hægt væri að forgangsráða verkefnum Rauða kross Íslands í samræmi við aðstæður í þjóðfélaginu. Könnunin var tvíþætt, annars vegar símakönnun um viðhorf almennings og hins vegar 54 viðtöl við sérfræðinga sem starfa við fé- lagsleg málefni eða þekkja til þeirra um land allt. Stefnt er að því að gera slíka könnun á 4–5 ára fresti og var hin fyrsta gerð árið 1994. Niðurstöður hennar hafa síðan verið hafðar að leiðarljósi í innanlands- starfi Rauða kross Íslands og urðu meðal annars til þess að ákveðið var að setja á laggirnar Menntasjóð fyrir einstæðra foreldra, styrkja Mennta- smiðju kvenna á Akureyri og fjöl- margt fleira.

Breyttar aðstæður í þjóðfélaginu

Fjöldi Íslendinga reiðubúinn til sjálfbodans starfs

Jafnliða viðtölum við sérfræðinga fór fram símakönnun í lok síðasta árs til að kanna viðhorf almennings til hlutverks Rauða krossins, leiða í ljós hvaða þjóðfélagshópa fólk telur standa illa fjárhagslega og félags- lega og fá fram viðhorf fólks til sjálfbodaliðastarfa. Í síðastnefndum hluta könnunarinnar urðu niðurstöð- ur afar ánægjulegar því að í ljós

koma glöggt fram í nýju könnuninni. Talsvert atvinnuleysi var á landinu í síðustu könnun og atvinnulausir voru þá einna fjölmennastir meðal þeirra sem illa stóðu. Nú standa bótaþegar og láglaunafólk verst að vígi í efnahagsuppsveiflunni auk geðfatlaðra, einstæðinga og ákveð- inna hópa barna og unglinga. Bóta- þegar og láglaunafólk hafa misst af góðærinu sem meirihluti landsmanna hefur notið að undanfögnu. Of lágar bætur til öryrkja, of lágur lífeyrir til eldri borgara og skerðingin á barna- bótum eru helstu ástæður fátæktar í landinu að mati sérfræðinganna.

Öryrkjum gengur illa að ná endum saman

Viðmælendurnir voru nokkuð einhuga

Hverjir hafa það bágast?

- Bótaþegar og láglaunafólk
- Geðfatlaðir
- Einstæðingar
- Ákveðinn hópur barna og unglinga

um að öryrkjar sem fá engar greiðsl- ur eða lágar úr lífeyrissjóði og þyrftu því að lifa á tekjutryggingu Tryggingastofnunar ættu bágst með að ná endum saman. Lítið fer fyrir þessum hópi sem er þó stór hluti ör- yrkja. Á árinu 1998 voru 7980 ör- yrkjar á Íslandi og þar af voru 41,6% með óskerta tekjutryggingu.

Fjöldi öryrkja bíður eftir vinnu en bætt atvinnuástand hefur ekki auðveldað þeim að finna vinnu því

kom að 63% þeirra sem aldrei hafa unnið sjálfbodastörf í þágu mannúð- ar hefðu áhuga á því og töldu flestir (51%) að 2–3 klukkustundir á viku væri heppilegur tímafjöldi til sjálfbodans starfs. Þá kom einnig fram að 35% Íslendinga hefðu unnið sjálfbodastörf í þágu mannúðar.

- 41% landsmanna telur að lág-

með góðærinu hafa arðsemiskröfur aukist og arðsemissjónarmið ráða nú ríkjum.

Leiðir til úrbóta að mati sérfræðinganna:

- Tekjutenging örorkubóta drepur niður sjálfsbjargarviðleitni. Nauðsynlegt að minnka eða jafnvel afnema tekjutengingu.
- Auka ráðstöfunartekjur örorku- bótaþega.
- Gera þarf úrbætur í atvinnumálum öryrkja, koma á fót fleiri vernduð- um vinnustöðum eða stofna til sérstakra samninga við fyrirtæki.

Eignalausir ellilífeyrisþegar standa illa

Mikil stéttaskipting er í hópi aldr- aðra að mati sérfræðinganna, stærsti hópurinn hefur það ágætt fjárhags- lega en samkvæmt skýrslu um lífs- kjör, lífshætti og lífsskoðun eldri borgara á Íslandi 1998–99 búa rúm- lega eitt þúsund þeirra við kröpp kjör. Flestir þeirra eru eignalausir og töldu margir að þessi 4–5% aldraðra hefðu gleymst í kjarabaráttu eldri borgara. Ráðstöfunartekjur lífeyris- þega og verkakarla voru mjög svip- aðar árið 1989 en nú hafa lífeyris- þegar að meðaltali 60% af launum verkakarla.

Álit sérfræðinganna:

- Tekjutryggingin er of lág.

launafólk og eignalausir standi verst fjárhagslega

- 26% telja að öryrkjar, fatlaðir og sjúkir standi verst fjárhagslega
- 39% landsmanna telja að fatlaðir, sjúkir og öryrkjar standi verst félagslega
- 19% telja að aldraðir standi illa félagslega

Enn fordómar í garð geðfatlaða

Geðfatlaðir eru sá hópur öryrkja sem talinn er eiga í mestum félagslegum erfiðleikum. Sérfræðingarnir telja að geðfatlaðir karlar standi verr að vígi en geðfatlaðar konur þar sem þær virðast halda betri tengslum við fjölskyldur sínar og börn. Alvarleg- ustu vandamál sem geðfatlaðir eiga við að glíma eru enn sem fyrr for- dómar í samfélaginu.



Hraðinn (og góðærið?) fjölgar einstæð- ingum

Viðmælendur telja að með auknum hraða í samfélaginu fjölgi einstæð- ingum. Flestir einstæðingar eru ör- yrkjar, geðfatlaðir og eldri borgarar – og fleiri karlmenn virðast finna til einsemdar en konur. Einnig nefndu sérfræðingarnir fólk á „gráu svæði“, þ.e. fólk sem hefur ekki verið flokk- að formlega í ákveðinn hóp en á þó sökum fötlunar, greindarskorts eða geðrænna örðugleika erfitt með að takast á við daglegt líf.

Álit sérfræðinganna:

- Stofna til vinnuhópa fyrir ein- stæðinga
- Sjálfbodaliðar, til dæmis frá Rauða krossinum eða kirkjunni, gætu aðstoðað við að rjúfa ein- angrun einstæðinga
- Minna fólk á sína nánustu?

Ekki barnvænt samfélag

Sérfræðingarnir álitu að staða barna sem búa við bágar fjárhagslegar aðstæður hafi versnað undanfarin ár samfara auknum kröfum í þjóðfélaginu. Nauðsynlegt væri að aðstoða unglinga sem flosna upp úr námi og nýbúa sem komast ekki út á vinnu- markaðinn vegna tungumálaörðugleika. Skortur á stuðningi við misþroska börn og ofvirk með athyglisbrest í skólunum þótti einnig vandamál, og einnig aðstöðu- leysi í kerfinu til að aðstoða

börn áður en vandamál þeirra verða áþreifanleg með afbrotum, fíkniefnaneyslu eða sjálfsmorð- stílaunum. Raunar töldu sérfræðingarnir að íslenskt samfélag væri ekki mjög barnvænt og að það kæmi niður á börnum og foreldrum að engin heildstæð fjölskyldustefna skuli hafa verið mótuð hér á landi.

Álit sérfræðinganna:

- Vanrækt hefur verið að kenna fólki að vera foreldrar

- Nauðsynlegt er að bregðast við þeirri staðreynd að allt að 45% framhaldsskólanema flosna upp úr námi án þess að ljúka prófi
- Það vantar einhvers konar óformlega göngudeild þar sem börn og foreldrar geta komið við og fengið ráðgjöf
- Yfirvöld þurfa að móta heildstæða fjölskyldustefnu



Góðærið ekki allsráðandi – Reykjavíkurdéild Rauða krossins og Hjálparstofnun kirkjunnar bærast samtals yfir 700 beiðnir um aðstoð fyrir jólin. Hefur þeim ekki fækkað á milli ára þrátt fyrir góðærið. Allir sem sendu inn umsókn gátu upp úr miðjum desember- mánuði sótt matarpakka með brauði, kjöti, meðlæti, gosi, kartöflum og fleiri nauðsynjum fyrir jólahátíðina. Eins og undanfarin ár voru öryrkjar stærsti hópur þeirra sem höfðu ekki efni á jólnum.

Mynd: Kristinn Ingvarsson

Sömu grunnþarfir hjá Jóni og séra Jóni

Á alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans í nóvember hélt Anna Prúður Þorkeldsdóttir, formaður Rauða kross Íslands, erindi um fátækt í heiminum þar sem fram kom að þriðjungur mannkyns býr við örbirgð. „Það fór nú nokkur þytur um salinn þegar ég sagði að heimurinn eyddi 150 milljónum bandaríkjadollara á ári til að aðstoða við alnæmi í Afríku en 26 milljörðum bandaríkjadollara á einum mánuði í sprengjuárásir í Jógóslavíu. Ég held að einn aðalvígðullurinn nú sé fátæktin og örbirgðin.“

„Hér á landi er ekki örbirgð,“ segir Anna Prúður, „en ákveðnir hópar búa við fátækt. Tekjur margra bótaþega eru til dæmis um 60 þúsund krónur. Það getur hver maður séð að þetta fólk má ekki verða fyrir miklum skakkaföllum. Bæturnar hjá okkur og lægstu launin eru skelfilega lág. Maður lifir ekki eða deyr –



og deyr alls ekki því það kostar að lágmarki 140 þúsund að koma sér ofan í jörðina – fyrir 60 þúsund krónur á mánuði.“

Bilið milli ríkra og fátækra fer breikkandi hér á landi að sögn Önnu Prúðar, og hún telur það alvarlegan löst á þjóðfélaginu. Nauðsynlegt sé að hækka skattleysismörk og greiða mannsæmandi bætur. „Grunnþarfir hvers einstaklings breytast ekki eftir því hvort hann er Jón eða séra Jón. Ein ríkasta þjóð heims verður að greiða bætur og lágmarkslaun sem ekki þarf að skammast sín fyrir.“

Láglaunafólkið

Einstæðar mæður og forsjarlausir feður

Láglaunafólk stendur almennt höllum fæti í þjóðfélaginu, sérstaklega ungar, ómenntaðar og einstæðar mæður sem geta illa bætt við sig vinnu vegna barna. Þar að auki er atvinnuleysi nokkuð algengt í þessum hópi. Vegna þess hvað lágmarkslaun eru lág og barnagæsla dýr geta þessar konur lent í því að ráðstöfunartekjur lækka til muna ef þær eru í vinnu. Þær eiga oft öruggt með að afla sér menntunar og menntunarskorturinn kemur í veg fyrir að þær fái betur launuð störf. Einstæðir foreldrar eru 30,2% styrkþega hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík. Skólagöngu margra stúlkna lýkur þegar barnið er komið í heiminn. Að vísu geta einstæðir foreldrar á aldrinum 18–24 ára sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskóla sótt um námsstyrk hjá Félagsþjónustunni – ef þeir hafa haft tekjur undir 720.000 krónum á síðasta ári. Sú viðmiðunartala dæmir allmargar úr leik, til dæmis eru atvinnuleysibætur hærri en 720.000 á ári.

Að mati viðmælenda standa forræðislausir feður með lág laun eða án atvinnu mjög illa bæði félagslega og fjárhagslega. Safni þeir meðlagsskuldum virðist þeim nær ómögulegt að borga þær niður og þeir missa íðulega samband við börn sín. Einhleypir karlmenn eru stærsti hópurinn sem fær fjárstuðning hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík (36,1% árið 1998).

Álit sérfræðinganna:

- Auka mætti fræðslu um getnaðarvarnir, nauðsyn menntunar, ábyrgð og skyldur foreldra
- Nauðsynlegt er að gefa ungum einstæðum mæðrum kost á að mennta sig og um leið þyrfti að auðvelda þeim aðgang að dagvistun fyrir börn sín
- Það er ekki nóg að bjóða fram námskeið sem efla sjálfstraust ungra einstæðra mæðra. Til að rjúfa víthringinn þarf starfs- tengt nám

Barnafjölskyldur í láglaunastörfum

Fjölskyldur með nokkur börn á framfæri, sem ættu að hafa alla burði til að spjara sig, eru að komast í þrot vegna lágra launa að mati sérfræðinganna. Breytingar á barnabótakerfinu hafa komið niður á þessu fólki. Þá fækkaði þeim sem fengu barnabætur úr 70.105 árið 1997 í 41.391 árið 1999. Hvergi annars staðar á Norðurlöndum eru barnabætur tekjutengdar. Fáir á höfuðborgarsvæðinu nefndu þennan hóp en margir á landsbyggðinni enda er víða í smáum byggðum erfitt að finna aukavinnu til að brúa bilið. Hér eiga að vera jöfn tækifæri til náms en ákveðinn hópur unglinga af landsbyggðinni getur ekki menntað sig sökum bágrar fjárhagsstöðu foreldranna.

Álit sérfræðinganna:

- Hærri laun
- Sanngjarnara barnabótakerfi
- Tekjutengja mætti dreifbýlisstyrkinn svo þau börn sem standa verst að vígi fái meira í sinn hlut

Stjórnlausir krakkar í stríði

Porkell Díegó Porkelsson hefur reynt á eigin skinni stjórnleysi hermanna á unglingsaldri. Hann hefur oft staðið frammi fyrir heilapvegnum krökkum veifandi vopnum sem þau eru þjálfuð til að beita og gera það svikalaust. Í eitt skiptið flegðu nokkrir unglingsstrákar honum og fleiri starfsmönnum Rauða krossins í götuna, stungu Kalashnikov-byssukjöftunum í hnakkann á þeim og kveiktu svo í tveimur mönnum til að sýna hvað biði þeirra.

Porkell Díegó Porkelsson hefur lengi unnið fyrir Rauða krossinn á stríðshráðum svæðum og oft staðið frammi fyrir stjórnlausum vopnuðum krökkum sem víta ekki í hvorn fótinn þau eiga að stíga við óvæntar aðstæður. Börn eru viðsjálir hermenn, vanþroskinn, menntunarskorturinn og hvatvísinn gera viðbrögð þeirra ófyrirsjáanleg en oft bregðast þau við með því að grípa til vopna eða ofbeldis – enda heilapvegin af „skæruliðafjölskyldunni“ sem ól þau upp og þjálfaði.

Rænt, heilapvegin og undir áhrifum

Porkell komst fyrst í kast við vopnaða unglina í Líberíu árið 1994. Stríðið var í algleymingi og margir skæruliðahópanna rændu börnum frá 7–8 ára aldri til að þjálfa þau í hermennsku og beita þeim í vopnuðum átökum. Hermannsefnunum er meðal annars safnað saman með því að ryðjast inn í þorp, taka íbúana og láta þá bera ránsfenginn í átt að búðum skæruliðanna. Á áfangastað eru hinir fullorðnu ídulega drepnir eða hendur þeirra höggnar, nef eða eyru skorin af og þeir sendir þannig til baka. Krökkunum er hins vegar haldið eftir. „Venjulega eru þetta mjög ungir krakkar sem eru svo aldri upp og heilapvegnir gjörsamlega. Það er mjög auðvelt að þjálfa þessi börn, þau eru svo áhrifagjörn. Stúlurnar eru notaðar til að kokka og gera það sem konum í þessum heimshluta er ætlað – að þjóna karlmönnum. Sumar þeirra fara mjög illa út úr þessu, er nauðgað og það eru hryllilegar sögur sem maður

heyrir frá stúlkunum. Fyrir drengjunum er þetta meira eins og ævintýri,” sagði Porkell þegar Hjalpin hafði símasamband við hann úti í Belgrad þar sem hann starfar nú sem sendifulltrúi Rauða kross Íslands.

Til að auðvelda þjálfunina og slæva hina óþroskuðu samvisku beita skæruliðaforingjar fleira en heilapvotti. „Foringjarnir lúberja þau til hlýðni. En þegar maður var að tala við krakkana þá vörðu þau ekki sjálf sig heldur foringjann, hann er sá sem þau bera virðingu fyrir. Og í Líberíu notuðu þeir líka eiturlyf,” segir Porkell en hann hefur það frá unglungum sem gegnt hafa hermennsku að þeim hafi verið gefnar pillur eða áfengi áður en haldið var í bardaga. „En það er svo einkennilegt að í þessum endurhæfingarbúðum hjálparstofnananna koma alltaf upp vandamál ef skæru brjótast út á ný í nágrenninu. Þótt krakkarnir fái mat og húsaskjól í búðunum þá eru skæruliðahóparnir eins og segull á þau og ef kallað er eftir þeim þá koma þau. Það er mjög sérkennilegt hvað skæruliðafjölskyldan hefur mik-

il vald yfir krökkunum.”

Hættulegri en fullorðnir

Porkell dvaldist í Sierra Leóne um 14 mánaða skeið og um mitt ár 1997, skömmu eftir komu hans, var gerð bylting í landinu og sameinuðust skæruliðar þá herstjórninni. Á þeim tíma umgekkst Porkell marga skæruliða. „Hermenn eru að nokkru leyti fyrirsjáanlegir. Þeir gangast undir ákveðinn aga, eru vel skipulagðir og maður veit að einhverju leyti hvers má vænta af hermanni. Maður þjálfast upp í að umgangast hermenn, en hefur enga hugmynd um hvernig krakkarnir bregðast við. Það er mjög erfitt og hættulegt að umgangast krakkana. Ef það er einhver offiser nálægt þá er besta ráðið að snúa sér til hans en tala aldrei við unglunga.”

Dag einn skömmu eftir byltinguna var Porkell að keyra innfædda starfsmenn heim til sín að loknum vinnudegi eins og ævinlega var gert



Börn er oft beitt í innanlandsátökum, eins og þeim sem hafa geysað í rúma tvo áratugi í Afganistan.

þegar órólegt var í borginni. Bardagar höfðu brotist út um daginn nálægt flugvöllinum milli Vestur-Afríku-hersins, skæruliðanna og herstjórnarinnar. Porkell stöðvaði bílinn á krossgötum og var að velta því fyrir sér hvort hann ætti að fara til hægri eða vinstri. „Þá kemur vörubíll fullur af hermönnum, mest unglungum, sem voru að koma beint frá víglínunni. Þau voru hálfvitlaus eða eigintega alvitlaus, öskrandi og skjótandi í allar áttir. Ég var eini útlendingurinn í bílnum og um leið og þau sáu mig komu þau hlaupandi að okkur. Blessunarlega var ég í bíl-



Börn og unglingar þykja fyrirtakshermenn því þau hlýða skipunum í blindni og víla ekki fyrir sér að fremja verstu hermdarverk, ef þeim er sagt að gera það.

belti því þau rifu upp hurðina, brutu rúður, börðu mig og reyndu að rífa mig út úr bílnum – en ég hékk nú í beltinu.“ Til allrar hamingju var engu skoti hleypt af og krakkarnir höfðu ekki náð að opna afturdyrnar þar sem sex innfæddir starfsmenn sátu – þegar svona stendur á eru nefnilega allir svikarar sem vinna fyrir hvíta menn. „Við vitum ekkert hvað hefði gerst ef ekki hefði verið þarna eldri foringi sem við höfðum lengi átt góð samskipti við. Hann kom aðvifandi, reif þau í burtu og sagði: Hypjið ykkur burtu í hveli! Ég hlýddi því svikalaust.“

Félagar þeirra rændu búðirnar

Viðbrögð foringjans voru að nokkru leyti fyrirsjáanleg, hann hafði átt góð samskipti við Rauða krossinn og vildi ekki hætta þeim. Slíkt skiptir hins vegar litlu þegar vopnaðir unglingar eru annars vegar. Rétt fyrir utan flóttamannabúðirnar sem Rauði krossinn rak í Freetown, höfuðborg Sierra Leóne, var varðstöð mönnum hópi ungra skæruliða. Starfsmenn Rauða krossins fóru í gegnum varðstöðina mörgum sinnum á dag og stoppuðu þá alltaf til að heilsa upp á krakkana í varðstöðinni. „Manni fannst þetta bara vera félagar manns. Ég fór minnst fjórum sinnum á dag þarna í gegn og stundum skruppum við til að spjalla við þau og segja þeim frá Rauða krossinum, reyna að halda við þau góðu sambandi. En það



Þorkell Diego er einn reyndasti sendifulltrúi Rauða kross Íslands, en hann slapp naumlega úr klóm unglunga með Kalashnikov riffla í Afríkurlífinu Sierra Leone.

fauk allt út í veður og vind. Þegar bardagar brutust aftur út í borginni í byrjun '98 var eins og við hefðum aldrei talað við þessa krakka áður. Þau voru gersamlega stjórnlaus. Við vorum þarna með 4500 flóttamenn innan girðingarinnar en þau brutust í gegnum hliðið, tóku bíla frá okkur og á endanum fóru nánast allt. Við reyndum að semja við þau en það er ekkert hægt að rökræða undir svona kringumstæðum.“

Brenndir lifandi

Það munaði hins vegar ekki nema hársbreidd að vopnaðir hermenn á unglingsaldri myrtu Þorkel og sex aðra starfsmenn Rauða krossins í

byrjun árs 1998 þegar Vestur-Afríkuherinn hafði gert gagnárás á herstjórnina í Freetown. „Það voru mikil átök inni í borginni og nokkrir félagar okkar á annarri hjálparstofnun lokaðir inni á aðalspítalanum. Þeir voru uppiskroppa með öll hjálpargögn þannig að við ákváðum að fara eina ferð á spítalann í gegnum borgina. Venjulega er þetta um tíu mínútna akstur en þessi ferð tók um hálf tíma. Við vorum sex á tveimur bílum og á leiðinni vorum við tveggis stoppuð. Í seinna skiptið vorum við komin mjög nálægt spítalanum og á götunni lágu tveir menn bundnir á höndum. Okkur er fleygt í götuna, með Kalashnikov í hnakkanum. Þetta voru tveir hálffullorðnir hermenn og

nokkrir unglingar og þeir sögðu við okkur: Nú fáiði að sjá hvað við ætlum að gera við ykkur. Þeir settu kaðal um hendurnar á mönnum tveimur, hengdu þá upp, settu hjólarða utan um þá og kveiktu í ... Þeir voru lifandi. Þeir brenndu þá lifandi ...“

Þögn á línunni.

„Þetta var mjög erfitt en það er svo skrýtið að þegar þetta gerist þá er það eina sem kemur upp í huga manns að reyna að bjarga lífi og línum sjálfs sín og annarra. Ég var elstur og reyndastur þarna í hópnum þannig að ég var allan tímann að reyna að semja við þá, segja þeim að við værum þarna líka til að hjálpa þeim og þeirra fólki. Í þetta skiptið vorum við svo heppin að það var komið með einni særðan úr þeirra hópi og við tókum hann með í bílinn niður á spítala. Þannig sluppum við í þetta sinn.“

„Litlir hermenn eru óttalausir“

Það stríðir ekki gegn neinum alþjóðasamþykktum að afhenda 15 ára börnum byssu og kenna þeim að drepa. Talið er að yfir 300 þúsund börn, aðallega strákar, gegni hermennsku í um 20 löndum Afríku, Suður-Ameríku, Asíu og Evrópu. Víða beita stríðsherrarnir allt niður í fimm ára börnum í stríðsátökum.

„Litlir hermenn eru óttalausir,“ segir ofursti í einum af þeim vopnuðu hópum sem börðust í blóðugri borgarastyrjöld í Líberíu á árunum 1989–96. „Þeir drápu föður minn. Þess vegna varð ég hermaður ... Hann [ofurstinn] rífur hjartað úr fólki. Hann bað mig um að slíta augun úr fólki ... Ég var hræddur, ef ég hefði ekki hlýtt honum þá hefði hann drepið mig,“ segir Abraham, einn af litlu hermönnum ofurstans. Hann var sjö ára gamall þegar hann gekk til liðs við herinn.

Í sumum heimshlutum eru börn eftirsóttir hermenn. Börn hlýða skipunum yfirmanna sinna mögulanlaust, krefjast lítils og eru fljót að læra. Þau eru ekki farin að efast, samviskan og réttlætiskennin eru óþroskuð. Sé þeim skipað að

„Við megum ekki loka augum okkar fyrir því að börn undir vopnum eru bæði ofbeldismenn og fórnarlömb. Þau fremja stundum hryllileg ofbeldisverk. En hver sem glæpur þessara barna er þá er ábyrgðin okkar, fullorðna fólksins.“

Desmond M. Tutu erkibiskup.

drepa þá drepa þau óhikað. Börnin neyðast til að tileinka sér hatrið sem umkringir þau til að falla inn í hópinn. Sumir stríðsherrarnir ganga

jafnvel svo langt að neyða börnin til að drepa vini sína eða fjölskyldu til að herða þau. Þannig hafa þau sjálf skorið á persónuleg tengsl og verða stríðsherrarnum auðsveipari eftirleiðis.

Notkun barna sé stríðsglæpur

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru allir börn fram að 18 ára aldri. Hins vegar stríðir það ekki gegn alþjóðasamþykktum né mannúðarlögum að fá börnum byssu í hendur hafi þau náð 15 ára aldri. Rauða kross hreyfingin hefur lengi barist fyrir því að þetta aldursmark verði hækkað í 18 ár og að tekið verði á því sem stríðsglæp þegar börn undir 15 ára eru notuð í stríðsátökum. En hreyfingin gerir sér fulla grein fyrir að lagasetning dugir ekki ein og sér enda er 15 ára aldursmarkið víða þverbrotið. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur því

lagt til að herskráning barna undir 15 ára aldri og þátttaka þeirra í vopnuðum átökum skuli flokkast sem stríðsglæpur og heyrar undir Alþjóðlega stríðsglæpadómstólinn þegar hann verður stofnaður.

Vinnuhópur á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur undanfarin ár unnið að því að semja viðbótarbókun við barnasáttmálann frá 1989. Skömmu fyrir útgáfu Hjálpar náðist samkomulag í vinnuhópnum sem gengur mjög í átt að kröfum Rauða krossins. Samkvæmt því verður börnum undir átján ára aldri bannað að taka þátt í stríðsátökum. Sú undanþága er þó gerð að ríki mega skrá yngri börn í her að því tilskyldu að ekki sé um herskyldu að ræða.

Fulltrúi Alþjóða Rauða krossins lýsti því yfir á fundinum að hreyfingin myndi áfram leggja áherslu á aðstoð við börn á átaksvæðum.



Mósambík

Heilbrigðis- þjónustan í rúst

Í harðvítugri borgarastyrjöld sem geisaði í Mósambík þar til fyrir nokkrum árum var fimmtungur heilsugæslustöðva eyðilagður eða starfsemi lagðist niður. Talið er að opinbera heilbrigðiskerfið nái ekki til nema 30% af íbúum í dreifbýli og því hafa Rauði kross Íslands og Mósambíkur ákveðið í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun að hrinda af stað viðamiklu heilbrigðisverkefni í Maputo-héraði og að byggja þar meðal annars litla heilsugæslustöð.

Í úttekt sem gerð var á starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar árið 1997 var lagt til að stofnunin tæki upp frekara samstarf við frjáls félagasamtök. Í kjölfarið hafði Rauði kross Íslands samband við stofnunina og bauð henni samstarf, og var fljótlega ákveðið að aðstoða við uppbyggingu heilsugæslu í Maputo-héraði umhverfis höfuðborg Mósambíkur en heilsugæsla í landinu er í molum eftir margra ára borgarastyrjöld. Þróunarsamvinnustofnun og Rauði kross Íslands hafa bæði reynslu af hjálparstarfi í Mósambík, sú fyrrnefnda í sjávarútvegi en Rauði krossinn hefur m.a. rekið þar heimili fyrir götu-börn. Undirritaður var samningur upp á 60 milljónir króna til fjögurra ára en Rauði kross Íslands leggur til

40% fjármagnsins. Byggja á heilsugæslustöð í Hindane, hjúkrunarfræðingur verður sendur til að hafa umsjón með verkefninu fyrstu tvö árin og ýmiss konar heilsugæslu í nokkrum aðliggjandi þorpum verður sinnt. „Það er meiningin hér að vera í meiri samvinnu við þessa íslensku aðila sem stunda svipuð störf,“ segir

þessu samstarfi og ef það gengur vel finnst mér líklegt að samvinnan haldi áfram annars staðar.“

Hagstætt ástand fyrir hjálparstofnanir

Að sögn Sigríðar Guðmundsdóttur sem hefur séð um verkefnið hjá

ir hafa farið inn í landið í auknum mæli því þarna eru tækifæri til uppbyggingar og til að starfa að verkefnum sem gagnast þeim sem verst standa.“

Stærsti hluti verkefnisins felst í að byggja litla heilsugæslustöð í þorpinu Hindane. Hún á að þjóna samtals um 4000 íbúum og tveir mósambískir hjúkrunarfræðingar munu sinna þar hefðbundinni heilsugæslu, svo sem ungbarnaeftirliti, mæðravernd og bólusetningum. Samstarfsaðilarnir kosta bygginguna en mósambíska ríkið sér um reksturinn.

Mósambík hlaut sjálfstæði árið 1975 eftir tíu ára vopnaða baráttu gegn portúgölskum nýlenduherrum. Frelsisflokkur Mósambíkur (FRELIMO) tók við stjórnartaumum og kommúnísku kerfi var komið á fót. Smám saman færðust völdin á fárra hendur og á 9. áratugnum logaði landið í deilum og skæruhernaði. Þegar borgarstyrjöldin harðnaði voru félagslegir innviðir þjóðfélagsins og framleiðslukerfið gjöreyðilagt. Ein og hálf milljón manna flúði til nærliggjandi landa, yfir 3 milljónir fóru á vergang inn-
anlands og þjóðin varð háð erlendri matvælaaðstoð. Borgarastyrjöldinni lauk formlega í október 1992 og FRELIMO sigraði í almennum kosningum sem haldnar voru árið 1994.

- Mósambík er 8 sinnum stærra en Ísland
- Íbúafjöldi er talinn vera um 15,7 milljónir
- Mósambík er annað fátækasta ríki heims
- Eitt af hverjum fimm börnum deyr áður en það nær fimm ára aldri
- Lífslíkur barna fæddra 1997 eru 45,5 ár
- 700 ný alnæmissmit greinast á degi hverjum
- 1,2 milljónir manna eru HIV-smitaðar, þar af 141 þúsund börn
- Í lok þessa árs er búist við að 250 þúsund börn verði smitöð

Björn Dagbjartsson hjá Þróunarsamvinnustofnun og telur eðlilegt að hafa gengið til samstarfs við Rauða kross Íslands enda er sú hreyfing stærsta hjálparstofnunin hér á landi. „Við munum svo líta á árangurinn af

Rauða krossi Íslands er mjög vænlegt að vinna í Mósambík um þessar mundir. „Efnahagsástandið er hagstætt eftir að friður komst á, hagvöxtur er um 10% og það er mikil uppsveifla í landinu. Hjálparstofnan-





Þessi hnokki á áreiðanlega eftir að heimsækja heilsugæslustöðina í Hindane þegar hún er komin upp. Myndir: Hjördis Guðbjörnsdóttir.

Viljum þjálfva grasrótina

Heilbrigðiskerfið í Mósambík varð illa úti í borgarastyrjöldinni á 9. áratugnum, fjöldinn allur af heilsugæslustöðvum var eyðilagður og hætti starfsemi, sem leiddi til þess að 2–3 milljónir manna bjuggu við verulega skerta heilsugæslu. Eftir stríðið tók ríkisstjórnin málið föstum tökum og hefur róið að því öllum árum undanfarin ár að heilsugæslan nái til allrar þjóðarinnar áður en árið 2000 er úti. Áætlað er að byggja á annað þúsund stórar sem smáar heilsugæslustöðvar fyrir þann tíma. Heilsugæsla ríkisins nær aðeins til 30% íbúa í dreifbýli, þar sem 70% landsmanna búa, og hafa stjórnvöld hvatt félagasamtök eins og mósambíska Rauða krossinn til að halda áfram þjálfun sjálfbóðaliða sem geti brúað bilið milli opinbera heilbrigðiskerfisins og almennings.

Heilbrigði þjóðarinnar er bágborið, eitt af hverjum fimm börnum deyir áður en það nær fimm ára aldri

og fjöldi kvenna deyr af barnsförum. Helstu heilsuvandamál eru, líkt og í nágrannaríkjunum, vannæring barna, malaría, niðurgangspesitir, sníkjudýr í meltingarfærum, lungnasýkingar, húðsýkingar, berklar, kynsjúkdómar



Fulltrúar Rauða kross Íslands, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og mósambíska Rauða krossins skrifuðu undir samkomulag sem færir þúsundum manna í suðurhluta Mósambík heilbrigðisþjónustu á næstu árum.

og HIV-veiran enda er notkun getn- aðarvarna afar takmörkuð. Til að efla almenna heilsugæslu í þorpunum kringum Hindane verður haldið námskeið fyrir yfirsetukonur og þarlenda sjálfbóðaliða. Ætlunin er að finna sjálfbóðaliða sem eiga heima í þorpunum svo þeir geti í framtíðinni sinnt forvarnarstarfi og heilbrigðisfræðslu í sínum þorpum. Í sumum þeirra verða byggðir kofar með aðstöðu fyrir sjálfbóðaliðana til að sinna frumheilsugæslu og útbýta nauðsynlegustu lyfjum, svo sem verkjalyfjum, vítamínum og malaríutöflum. Þá verða einnig byggðir brunnar til að þorpsbúar hafi aðgang að hreinu vatni til að koma í veg fyrir smitsjúkdóma. „Markmiðið er þekkingin færast niður í grasrótina og með því að þjálfva heimafólkið sem á að taka við heilsugæslu á svæðinu að fjórum árum liðnum erum við að styrkja innviði Rauða krossins og deildarinnar í Maputo-héraði.“

11

Úlfar Hauksson, varaformaður Rauða kross Íslands, var meðal þeirra sem fóru héðan til að leggja grunninn að samvinnuverkefninu. Hann segir Mósambík afar fallett land og kom það honum nokkuð á óvart að fólk virtist ekki mjög illa haldið – í ljósi þess að Mósambík er annað fátækasta ríki veraldar og meðallandsframleiðsla á mann er um 140 dollarar (en hérlandis u.þ.b. 27.000 dollarar). „Maður var hissa á því að fólkið gæti yfirhöfuð dregið fram lífið en það virtist víðast hvar hafa í sig. Hins vegar er öll heilbrigðisþjónusta í rúst eftir þetta heiftarlega stríð sem þarna geisaði. Sérstaklega á landsbyggðinni þar sem fólk býr í raun bara við lágmarks-skyndihjálparþjónustu. Það eru til sáraumbúðir, malaríulyf og smokkar en þar með er heilbrigðisþjónustan upptalin. Þó gat ég ekki séð að þetta fólk væri neitt óhamingjusamara en við og af því sem ég sá og heyrði eru heilmiklir möguleikar í þessu landi.“



- 8 milljónir barna undir 15 ára aldri hafa misst móður sína eða báða foreldra úr alnæmi í Afríku. Búið er við að árið 2010 verði 40 milljónir barna mun aðarlausar vegna alnæmisfaraldursins
- 90% smitaðra ungbarna í heiminum eru í sunnanverðri Afríku.
- Um helmingur allra smitaðra eru 10–24 ára
- Þrátt fyrir gríðarlegt umfang alnæmisvandans í Afríku hafa augu Vesturlandabúa lokast – sennilega af því að dregið hefur úr útbreiðslu HIV-veirunnar á Vesturlöndum

Alnæmisplága í Afríku

Rösklega tveir þriðju allra HIV-smitaðra í heiminum búa í sunnanverðri Afríku þar sem fátækt er almenn og heilsugæsla takmörkuð. Þar eru 22,5 milljónir manna HIV-smitaðar, mun aðarlausum börnum fjölgar með ógnarhraða og menn sjá engan veginn fyrir endann á þeirri keðjuverkun sem farin er af stað. Alnæmið leggst nefnilega einkum á þá kynslóð sem ber uppi atvinnulíf, framleiðslu, uppeldi, menntun og umönnun aldræðra. Í sumum héruðum í Svasílandi og Suður-Afríku fækkar fólki nú af völdum faraldursins – þar deyja nú fleiri en fæðast.

Rauði kross Íslands hefur ákveðið að hefja samstarf við landsfélög Rauða krossins í sunnanverðri Afríku og leggja þeim lið í baráttunni gegn alnæmi. Þegar blaðið fór í prentun lá sú ákvörðun fyrir að framlögum styrktarmanna félagsins yrði veitt til

þessa verkefnis næstu þrjú árin, og er takmarkið að safna 50 milljónum króna.

Læknavísindin gagnslítill

Alnæmi er ólíkt flestum öðrum sjúkdómum og plágum að því leyti að það leggst fyrst og fremst á ungt og heilbriggt fólk. Fátæk Afríkuríki hafa ekki bolmagn til að halda allt að fjórðungi þegna sinna á rándýrum lyfjum og ódýr bólusetningarlyf verða ekki komin á markað fyrir en í besta falli eftir áratug. Því er langt í að læknavísindin komi að nokkru gagni við að hemja faraldurinn í Afríku. Ýmsir afrískir stjórnmálamenn hafa viðrað þá skoðun að rétt sé að takmarka aðgang smitaðra að heilsugæslu til að fá rými fyrir þá sem eru líklegri til að ná bata. Slík stefna – sem er þegar fylgt víða – ylli hins vegar verulegum skaða og



Björn Dagbjartsson hjá Þróunarsamvinnustofnun hefur í tengslum við hjálparstarf stofnunarinnar verið í náninni samvinnu við fjölda manna í Malaví, þar sem 15% fullorðinna eru HIV-smitúð. „Það er sorglegt að segja frá því, en af þessum um það bil tíu háttsettum samstarfsmönnum okkar í malavíska sjávarútvegsráðuneytinu eru fjórir dánir úr þessum sjúkdómi. Þetta voru ungar menntamenn, en flestir þeirra sem deyja eru milli 30 og 50 ára,“ segir Björn. Stofnunin hefur kostað þrjú unga menn til líffræðináms í Bretlandi en tveir þeirra eru nú látnir úr alnæmi. Fjöldi ungra menntamanna er nú að falla fyrir alnæmi, einmitt það fólk sem gegnir lykilhlutverki í framþróun þjóða sinna. „Það deyja til dæmis þrír kennarar úr alnæmi í Malaví á hverjum degi,“ segir Björn: „Það er ekki lengi að myndast skarð í menntakerfið þegar um 1000 kennarar deyja á ári.“



Alnæmisplágan í sunnanverðri Afríku hefur meðal annars þær afleiðingar að munaðarlausum börnum stórfjölga. Til dæmis eru í Malaví, tíu milljóna manna ríki, 300 þúsund börn sem hafa misst foreldra sína vegna alnæmis.

mundi í raun hraða útbreiðslu alnæmis. Líklegt er að fjöldi manns þegði um smit og að aðrir fylltust ótta við að láta kanna hvort þeir séu smitaðir. Í báðum tilfellum mundi hættulegum smitberum stórfjölga.

Keðjuverkun

Alnæmisplágan í sunnanverðri Afríku er að grafa undan fjölskyldulífi og þjóðskipulagi á svo vídtækan hátt að erfitt er að gera sér afleiðingar

hennar í hugarlund. Æ yngri börn neyðast til að vinna á ökrum eða í iðnaði vegna þess að pabbi er dáinn og missa þar af leiðandi af skólagöngu. Reynsla og þekking glatast með foreldrum, sem leiðir til minnk-

Alnæmi er ekki horfið af yfirborði jarðar þótt langt sé síðan landlæknisembættið hefur hengt upp smokkaveggspjöld sín. Raunar er alnæmi svo alvarlegt vandamál í suðurhluta Afríku að önnur eins plága hefur ekki riðið yfir nokkurt svæði síðan stórbóla stráfelli Asteka á 16. öld og svartidauði lagðist á Evrópubúa á hinni fjórtánu. Í Botsvana og Simbabve er fjórði hver fullorðinn HIV-smitaður og innan fimm ára er búist við að þriðja hvert barn verði munaðarlaus. Hvernig væri ástandið hér á landi ef 60 þúsund Íslendingar væru HIV-smitaðir? Hverskonar álag væri það á heilbrigðiskerfið, atvinnulífið og fjölskyldurnar í landinu?

andi framleiðni. Sá hluti atvinnulífsins sem þarfnast sérþjálfaðs starfsfólks getur einfaldlega riðað til falls ef hluti af sprækasta fólki landsins smitast og deyr. Í menntakerfinu eru fjölmargir farandkennarar sem stunda kennslu fjarri fjölskyldu sinni og eru þeir líklegri til að smitast en heimakennararnir. Í Malaví deyja þrjú kennarar á dag úr alnæmi, um 1000 manns á ári, og bitnar það á skólagöngu barnanna sem eiga að taka við landinu í framtíðinni.

Skortir heildstæða framtíðarstefnu

Stjórnvöld í þessum heimshluta hafa reynt að stemma stigu við þróuninni en gengur illa enda ráða heilbrigðiskerfin einfaldlega ekki við þennan fjölda. Landsfélög Rauða krossins á svæðinu sinna talsvert heimahjúkrun, annast fjölda munaðarlausra barna og fræða ungt fólk um smitleiðir HIV-veirunnar, til dæmis með því að fara á milli þorpa með leikþætti sem sýna meðal annars hvernig á að nota smokka.

Þó er baráttan gegn frekari útbreiðslu HIV-veirunnar alltof dreifð og ósamhæfð að mati þeirra sem rannsakað hafa útbreiðsluna í sunnanverðri Afríku. Telja þeir rétt að utanaðkomandi hjálparstofnanir einbeiti sér að því að efla það hjálparstarf sem fyrir er í löndunum og hvetja stjórnvöld þar til að samhæfa aðgerðir og hafa virkara eftirlit með baráttunni svo hægt sé að móta stefnu til langframa. Ella mun alnæmisplágan hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í sunnanverðri Afríku.

Tónlist hjálpar Tyrkjum

Síðastliðið haust kom Axel Einarsson hjá plötuútgáfunni Stöðinni að máli við Rauða kross Íslands og bauð félaginu að láta hagnaðinn af sölu geisladisksins „Lagasafnið 7“ renna til hjálparstarfs vegna barna sem urðu illa úti í jarðskjálftunum í Tyrklandi í ágúst 1999. Á disknum eru lög ýmissa lagahöfunda, þar á meðal Prastar Sigtryggs-sonar skipherra sem á fimm lög á disknum. Lögin flytja tónlistarmenn úr öllum áttum, meðal annars Herbert Guðmundsson og Gyllinæð. Allir tónlistarmennirnir gáfu vinnu sína. Diskinn er hægt að kaupa í verslunum Skífunnar, hjá Rauða krossi Íslands eða á heimasíðu félagsins (www.redcross.is). Diskurinn kostar 2000 kr. og rennur ágóðinn óskiptur til tyrkneska Rauða hálfmánans sem hefur komið á fót búðum fyrir börn sem misstu heimili sitt, foreldra eða ættingja í jarðskjálftunum.

Formaður fær fálkaorðu

Formanni Rauða kross Íslands, Önnu Prúði Þorkeldsdóttur, hlotnaðist óvæntur heiður á nýársdag þegar forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sæmdi hana riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum fyrir störf að mannúðarmálum. Ellefu manns fengu orðuna að þessu sinni. „Þetta lýsir virðingu fyrir starfi Rauða kross Íslands og mér þykir auðvitað vænt um þann heiður sem mér og félaginu er sýndur,“ sagði Anna Prúður í samtali við Hjálpinu.

Meirihluti andvígur banni á spilakössum

Mikil umræða varð um spilafíkn í lok síðasta árs þegar nokkrir þingmenn lögðu til að spilakassar yrðu bannaðir hér á landi. Í hita umræðunnar gerði Gallup könnun sem leiðir í ljós að meirihluti þeirra sem taka afstöðu er hlynntur þessari fjáröflunarleið Rauða kross Íslands.

Um 60 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnun Gallups kváðust hlynnt því að Rauði kross Íslands hefði hluta af tekjum sínum af spilakössum en um 40 prósent voru því

andvíg. Jafnframt var meirihluti þeirra sem tóku afstöðu, eða tæp 60 prósent, andvígur því að spilakassar verði bannaðir á Íslandi en rúm 40 prósent sögðust hlynntir slíku banni. „Þessar niðurstöður eru atvígisverðar, ekki síst í ljósi þess að á þeim tíma sem könnunin var gerð var umræða um söfnunarkassana í fjölmiðlum á neikvæðum nótum.

Það er greinilegt að fólk er almennt samþykkt því að Rauði krossinn hafi tekjur af söfnunarkössunum og styður ekki bann við þeim, enda

fráleitt að ætla sér að banna eina tegund happdrættis. Ef reyna á að koma á í veg fyrir spilafíkn þarf miklu víðtækari aðgerðir. Skoða þyrfti happdrættismarkaðinn í heild sinni. Við vitum hins vegar og viðurkennum að spilafíkn er vandamál sem þarf að rannsaka betur. Við þurfum að takast á við þann vanda með yfirveguðum og ábyrgum hætti,“ segir Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.



Verkjatöflur til Lesótó

Verðmæt gjöf barst frá Delta hf. og Lyfjaverslun Íslands hf. um áramótin. Fyrirtækin gáfu 820.000 Parkóðin-verkjatöflur til notkunar í hjálparstarfi félagsins í Lesótó, sem er tveggja milljóna manna ríki í sunnanverðri Afríku. Ætla má að töflurnar dugi í að minnsta kosti 160–200 þúsund dagskammta og verða sendar til tveggja heilsugæslustöðva sem Rauði kross Íslands hefur aðstoðað við að reka í Lesótó en þar er oft skortur á einföldum lyfjum sem þessum. Gjöfin er metin á rúmar 5 milljónir króna og mun áreiðanlega koma sér vel í þessu landi þar sem barnadaði er gífurlegur og aðeins einn læknir á hverja 18 þúsund íbúa.

Sérhæfð endurlífgun

Sjúkraflutningaskólinn bauð upp á leiðbeinendanámskeið í sérhæfðri endurlífgun 1. desember síðastliðinn. Námskeiðið tókst vel í alla staði og voru þátttakendur alls 17, læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraflutningamenn. Á námskeiðinu var kennd endurlífgun með áherslu á notkun lyfja og sérhæfðs búnaðar, svo sem hjartastuðtækis og búnaðar

til öndunaraðstoðar. Þátttakendur verða svo leiðbeinendur á tveggja daga námskeiðum skólans í sérhæfðri endurlífgun sem ætluð eru starfsfólki úr heilbrigðisstéttum. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Thomas Platt frá Center for Emergency Medicine í Pittsburgh í Bandaríkjunum.

Keðja mannúðar og friðar kemur heim

Eftir tveggja ára útleög er íslenska mannúðarkeðjan komin heim.

Þann 14. nóvember 1997 var svokölluð bókkrolla send af stað í hringferð um heiminn. Hugmyndin var að mynda táknræna mannúðarkeðju milli þjóða. Keflin eru skorin úr íslensku birki af Helga Angantýssyni myndskera. Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, fylgdi verkefninu úr hlaði á sínum tíma og skráði nafn í sitt gestabók sem er að finna á heimasíðu verkefnisins á netinu, www.xnet.is/rcchain. Nú eru liðlega tvö ár liðin og á þeim tíma hafa 14

lönd í öllum heimsálfum komið að verkefninu. Mannúðarkeðjan hefur vakið töluverða athygli víðast hvar í þeim löndum sem hafa myndað hana og landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans hafa ritað slagorð Rauða krossins „Allir eru bræður og systur“ á bókkrolluna. Hægt er að lesa um hvað gert var í einstökum löndum og skoða myndir á heimsíðu verkefnisins.

Á 75 ára afmæli Rauða kross Íslands, þann 10. desember sl., tók fosesti Íslands formlega við Mannúðarkeðjunni og var fyrstur

Íslendinga að ská nafn sitt í gestabók, sem hefur fylgt keðjunni frá Kanada en það var fyrsta landið sem tók þátt í verkefninu. Í kjölfarið skrifuðu framkvæmdastjóri Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans og formaður Alþjóðaráðs Rauða krossins ásamt formanni Mósambíska Rauða krossins í gestabókina en þeir voru staddir hér á landi í tilefni afmælisins. Á næstu mánuðum verður verkefnið kynnt um land allt en áætlað er að mynda keðju hringinn í kringum landið með þátttöku deilda Rauða kross Íslands.



www.redcross.is

Lifandi vettvangur Rauða krossins

Vefur Rauða kross Íslands – www.redcross.is – hefur tekið stórfelldum breytingum þannig að hann getur nú nýst til kynningar, fræðslu og fjáröflunar. Að auki er hægt að finna á honum merki félagsins og deilda þess, svo og leiðbeiningar um notkun merkisins.

Ég vil hvetja alla félagsmenn til að skoða vefinn reglulega og skrá sig í netklúbbinn og fá þannig stöðugar fréttir af starfsemi Rauða krossins,” segir Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri. „Þetta er tæki sem við getum nýtt okkur í starfinu. Netið er bæði miklu ódýrari kostur við útgáfu en prentun og er einnig að verða svo útbreitt að þess er vart langt að biða að það nái fljótar og betur til fólks en það sem er skrifað á pappír.”

Á vefnum er hægt að skrá sig í netklúbb Rauða kross Íslands, en það er pósthlisti á netinu fyrir þá sem vilja fylgjast með fréttum af starfinu. Þeir sem áhuga hafa geta farið inn á vefinn og skráð sig þar – og þá fá þeir reglulega með tölvupósti fréttatilkynningar og annað sem fer frá Rauða krossinum.

Þeir sem vilja styrkja Rauða kross Íslands geta sent framlag í hjálparsjóð af greiðslukorti, gerst



Á forsíðu vefsins eru nýjustu fréttir úr starfi Rauða krossins og auk þess er á vefnum er mikið af fræðsluefni sem deildirnar geta nýtt sér.

styrktarmenn með því að biðja um að 2.500 krónur verði dregnar af korti þeirra árlega eða sótt um að

gerast félagar. Innan tíðar er ætlunin að selja á vefnum ýmsar vörur sem framleiddar eru til styrktar Rauða krossinum og verkefnum hans.

Landshlutarnir eru hver með sína síðu á vefnum, og sjá svæðisstarfsmenn um þær. Deildir eru hvattar til að senda efni sem þær vilja koma á framfæri – myndir og texta – til viðkomandi svæðisstarfsmanna. Takmarkið er að vefurinn verði lifandi vettvangur Rauða kross Íslands.

Mikilvæg nýjung er að nú geta deildir félagsins fundið á vefnum rétta útgáfu af merki félagsins. Merkið er geymt á vefnum í því formi sem hægt er að nota á vefnum, við venjulega tölvuprentun og við útgáfu. Þetta er til hægindaauka fyrir deildir sem gefa út fréttabréf eða þurfa að setja auglýsingar í blöð.

Umhyggja í mynd

Rauði krossinn ætlar að standa fyrir ljósmyndamaraboni um allt land 8. apríl í tengslum við verkefnið „Gegn ofbeldi.“ Marabonið fer þannig fram að ljósmyndarar fá sólarhring til að ná mynd sem lýsir hugtakinu „umhyggja.“

Fyrirhugað er að keppnin fari fram bæði innan landshluta og á landsvísu. Nánari útfærsla ræðst af áhuga deilda Rauða krossins og hugsanlegra styrktaraðila.

Stjórn Rauða krossins hefur nú ákveðið að verkefninu „Gegn ofbeldi“ verði haldið áfram til þriggja ára, enda ljóst að ofbeldi í ýmissi mynd er viðvarandi vandamál í íslensku samfélagi.



Forseti Íslands og verndari Rauða kross Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, setti vefinn í loftið á 75 ára afmæli félagsins 10. desember.

„Harmleikur Venesúela felst ekki í því sem þú heyrir, heldur í því sem þú heyrir ekki. Óþunum sem aurskriður þögguðu niður að kvöldi 15. desember þegar flestir lágu í fastasvefni ... Þær hljóta að vera fáar nætarnar í sögunni þar sem svo margt fólk fór að sofa og vaknaði aldrei aftur.“ Þannig lýsa tveir sjálfbóðaliðar Rauða krossins, Gregor Nassief og Abraham Blanco, ástandinu á hörmungasvæðunum í Venesúela.

Aurinn sökkti heilu bæjunum

Vatnsflóð kunna að hljóma léttvæg í fréttatímum í samanburði við fregnir af sprengjuárásum og stríðshörmungum en afleiðingar flóðanna í Venesúela voru hrikalegar. Um 150 þúsund manns misstu heimili sín rétt fyrir jólahátíðina og að minnsta kosti fimm þúsund manns létust.

Um hálf milljón manna býr á þeim svæðum í Venesúela þar sem flóð og aurskriður sópuðu með sér öllu lauslegu í kjölfar mikilla rigninga um miðjan desember. Sumir bæirnir fóru beinlínis á kaf í leðju. La Guaira varð einna verst úti og segja hjálparstarfsmenn að það sé eins og bærin hafi orðið fyrir sprengjuárás. Húsin sem eftir standa séu eins og tættir pappakassar og rotnunarlyktina leggi yfir bæinn sem sé yfirfullur af braki, rusli, grjóti og leðju. Aurinn ruddi sér leið gegnum heimili og byggingar og sumstaðar er leðjan svo þykk að rétt glittir í þakið á símaklefum og farartækjum.

Um 35 þúsund manns bjuggu í La Guaira en aðeins 5 þúsund manns eru eftir nú. Svo er víða ástatt á flóðasvæðunum í Venesúela en talið er að um 150 þúsund manns hafi misst heimili sín í þessum mestu náttúruhamförum í Venesúela á allri 20. öld. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauði kross Venesúela komu til aðstoðar strax og fregnir bárust af flóðunum. Rúmlega þrettán hundruð starfsmenn og sjálfbóðaliðar þustu á vettvang, hjálpuðu til við björgunaraðgerðir, fluttu fólk úr sjálfheldu, komu slösuðum undir læknishendur og mönnum hjálparstöðvarnar. Eftir að björgunstarfi lauk var megináhersla lögð á að útvega mat, hreint drykkjarvatn, teppi, föt og neyðarskýli. Rauða kross félag hafa styrkt hjálparstarfið með sérhæfðum mannskap og fjármunum og Rauði kross Íslands sendi eina milljón króna til hjálparstarfsins skömmu fyrir jól.



Sjálfbóðaliðar Rauða krossins dreifðu hjálpargögnum til þúsunda manna sem neyddust til að yfirgefa heimili sín. Landsfélög Rauða krossins um allan heim brugðust skjótt við neyðarkalli frá Venesúela um jólaeitið.

Rauði kross Íslands sendi á aðra milljón króna til björgunstarfsins í Venesúela. Meðal þeirra sem lögðu fram fé voru deildir félagsins í Garðabæ og Hafnarfirði auk margra sem gáfu með greiðslukorti á vef Rauða krossins.

(1151-26-12) eða lagt inn á sama reikning með því að fylla út gíröseðla sem liggja frammi í bönkum og sparisjóðum. Einnig er hægt að greiða af greiðslukorti á vef Rauða krossins: www.redcross.is

Hjálparstarfinu verður haldið áfram næstu mánuði og þeir sem vilja aðstoða Rauða krossinn í Venesúela geta greitt inn á reikning 12 í SPRON á Seltjarnarnesi